

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 208/2018

2021/EES/21/01

frá 26. október 2018

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/718 frá 14. maí 2018 um tímabundna niðurfellingu á þeirri stöðu Möltu að vera opinberlega viðurkennd sem laus við berkla, að því er varðar nautgripahjarðir, og um breytingu á I. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/744 frá 16. maí 2018 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2008 um varnarráðstafanir vegna heilbrigðis dýra í tengslum við húðþrymlaveiki í tilteknum aðildarríkjum ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og segir í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við í 152. lið (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2008) í hluta 1.2:

„— **32018 D 0744:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/744 frá 16. maí 2018 (Stjtið. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 119).“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 70. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB) í hluta 4.2:

„— **32018 D 0718:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/718 frá 14. maí 2018 (Stjtið. ESB L 120, 16.5.2018, bls. 12).“
3. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 105. lið (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/193) í hluta 4.2:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 120, 16.5.2018, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 119.

- „106. **32018 D 0718:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/718 frá 14. maí 2018 um tímabundna niðurfellingu á þeirri stöðu Möltu að vera opinberlega viðurkennd sem laus við berkla, að því er varðar nautgripahjarðir, og um breytingu á I. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB (Stjútíð. ESB L 120, 16.5.2018, bls. 12).

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2018/718 og (ESB) 2018/744, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. október 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.